

120
3. des.

REGLUGERÐ

um sóttþreinsun aðkomuskipa.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 65 frá 19. júní 1933, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands er hér með sett eftirfarandi reglugerð um sóttþreinsun aðkomuskipa:

1. gr.

Hvar sóttþreinsun skuli fara fram.

Þegar um skip er að ræða, sem mengað er erlendri sótt (sbr. 1. gr. laga nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands) skal sóttþreinsa það í Reykjavík, nema ráðherra mæli á annan veg fyrir.

Fólksflutningaskipi, sem ekki er mengað erlendri sótt heldur annari alvarlegri næmri sótt, sem nákvæmrar sóttþreinsunar þarf við, má sóttvarnarnefnd vísa til Reykjavíkur til sóttþreinsunar.

Rottur og önnur óþrifadýr í fólksflutningaskipum. Hvar eyða skuli.

Nú er í fólksflutningaskipi mikill rottugangur eða önnur óþrifadýr og má þá sóttvarnarnefnd fyrirskipa eyðingu dýranna og vísa skipinu til næstu hafnar, þar sem slík eyðing er framkvæmanleg, en lengra er skipinu ekki skylt að fara nema það sé jafnframt mengað alvarlegri næmri sótt.

2. gr.

Hver sóttþreinsa skuli. Greiðslur.

Sóttþreinsun skipa samkvæmt reglum þessum annast, undir eftirliti héraðslæknis, sóttþreinsunarmaður á staðnum. Ber honum þóknun fyrir sem fyrir aðrar opinberar sóttþreinsanir, sbr. 28. gr. í hinum almennu reglum, er um getur í 3. gr., og greiðist þóknunin úr sóttvarnasjóði eða ríkissjóði, nema skipinu beri að greiða hana samkvæmt ákvæðum 24. gr. laga þeirra, er um getur í 1. gr., sbr. 4. tölul. 15. greinar í reglum handa sóttvarnarnefndum 31. des. 1934 settum samkvæmt þeim lögum.

3. gr.

Sóttþreinsun skips, sem mengað er erlendri sótt eða annari alvarlegri næmri sótt, sem nákvæmrar sóttþreinsunar þarf við.

Þegar sóttþreinsað er skip, sem er mengað erlendri sótt eða annari alvarlegri næmri sótt, sem nákvæmrar sóttþreinsunar þarf við, þar á meðal skip, sem vísað hefir verið til Reykjavíkur til sóttþreinsunar samkvæmt 1. gr., þá skal héraðslæknir sjálfur vera viðstaddur sóttþreinsunina og segja sóttþreinsunarmanni nákvæmlega fyrir um, hvað af skipi og farangri skuli sóttþreinsa og hvernig sóttþreinsuninni skuli hagað í öllum greinum, með hliðsjón af sóttþreinsunarreglum út gefnum af landlækni 3. des. 1935 samkvæmt almennu reglum 31. des.

1934, um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, sem settar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. **120** 3. des.

4. gr.

Sóttgreinsanir annara skipa.

Um aðrar sóttgreinsanir skipa en um getur í 3. gr., gilda að öllu leyti sóttgreinsunarreglur landlæknis 3. des. 1935.

5. gr.

Eyðing rotta og annara óþrifadýra.

Héraðslæknir segir fyrir um, hvernig haga skuli eyðingu rotta og annara óþrifadýra í skipum unz almennar reglur hafa verið settar um slíkt.

6. gr.

Aðstoð skipverja.

Skipi er skylt að aðstoða með mönnum sínum við sóttgreinsanir og eyðingu rotta og annara óþrifadýra í skipinu, eftir því sem sóttvarnarnefnd kann að krefjast og skipinu er auðið.

7. gr.

Sömu ákvæði um loftför.

Um sóttgreinsanir loftfara og eyðingu rotta og annara óþrifadýra í þeim gilda sömu reglur og um skip.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 3. desember 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.